

OFNÆMISLYF Á MEÐGÖNGU

Ofnæmislyf eru mikið notuð og algengust eru antihistamin í töfluformi (per os) svo og staðbundin steralyf. Best verkun næst af staðbundnum lyfjum en í slæmum tilfellum er nauðsynlegt að taka lyf í töfluformi til að ná niður einkennum.

Mörg lausasölulyf eru í notkun og um flest þeirra gildir að mjög fáar eða engar rannsóknir eru til um áhrif þeirra á meðgöngu. Mælt er með notkun annarrar kynslóðar antihistamína, sem hafa sem minnst slævandi áhrif.

OFNÆMISLYF TIL INNTÖKU:

Mestar upplýsingar eru til um desloratadin (Aerius[®] Dasselta[®], Flynnise[®]) og klemastin (Tavegyl[®]) sem eru í flokki A, sem og um loratadin (Loritin[®], Clarityn[®]), cetirizin (Histacin[®] Zensitin[®]) og fexofenadin (Telfast[®] Nefoxef[®]) sem eru öll í flokki B og er því óhætt að mæla með þessum lyfjum. Ebastine (Kestine[®]) er nýlegt lyf og er í flokki B.

Hydoxyzine (Atarax[®]) er í flokki C og því ekki fyrsta val á meðgöngu.

Áhrif gegnum brjóstgjöf er yfirleitt minni en á meðgöngu.

OFNÆMISLYF Í ÚÐAFORMI:

Af nefúðum eru mestar upplýsingar til um budesonid (Rhinocort[®]) sem er í flokki A. Flutikason (Flixonase[®]) er í flokki B en hefur lítil systemisk áhrif.

Minni upplýsingar eru til um triamcinolon (Nasacort[®], B), mometason (Nasonex[®]; B) og levokabastin (Livostin[®]; A) og ipratropium (Atrovent[®], B) en þau virðast þó örugg.

AUGNDROPAR:

Levokabastins (Livostin[®]) er í flokki A og er öruggt að nota á meðgönguti. Í flokki B er katotifen (Zaditen[®]) og Olopatadin (Opatamol[®]). Það síðarnefnda skilst út í brjóstamjólk og því ekki mælt með notkun við brjóstgjöf og rétt að gæta varúðar á meðgöngu.

Helstu töflur:	Úðalyf:	Augndropar:
Aerius	Rhinocort	Livostin
Dasselta	Flixonase	Zaditen
Flynise	Nasacort	
Tavegyl	Nasonex	
Loritin	Livostin	

MÆÐRAVERND ÞRÓUNARSVIÐS HH ENDURSKOÐAÐ OKTÓBER 2018